

Nd.

165. Frumvarp til laga

[89. mál]

um tekjuskattsviðauka árið 1949.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1948.)

1. gr.

Auk skatta þeirra, sem í 6. gr. laga nr. 6 1935, sbr. 1. gr. laga nr. 20 1942, og í lögum nr. 21 1942 getur, skal árið 1949 leggja á tekjur ársins 1948 skattaauka samkvæmt eftirfarandi reglum:

| | | | |
|---|-------------------------|-----------|---------------------------|
| Af skattskyldum tekjum lægri en 8000 kr., greiðist enginn skattauki. | | | |
| Af skattskyldum tekjum yfir 8000 kr., en undir 9000 kr., greiðast 2%. | | | |
| Af | 9— 10 þús. kr. greiðist | 20 kr. af | 9 þús. og 4 % af afgangi. |
| — | 10— 12 — — — | 60 — — | 10 — — 5 — — — |
| — | 12— 14 — — — | 160 — — | 12 — — 6 — — — |
| — | 14— 17 — — — | 280 — — | 14 — — 7 — — — |
| — | 17— 20 — — — | 490 — — | 17 — — 8 — — — |
| — | 20— 25 — — — | 730 — — | 20 — — 9 — — — |
| — | 25— 30 — — — | 1180 — — | 25 — — 10 — — — |
| — | 30— 40 — — — | 1680 — — | 30 — — 11 — — — |
| — | 40— 100 — — — | 2780 — — | 40 — — 12 — — — |
| — | 100— 125 — — — | 9980 — — | 100 — — 10 — — — |
| — | 125— 150 — — — | 12480 — — | 125 — — 7 — — — |
| — | 150— 200 — — — | 14230 — — | 150 — — 5 — — — |
| — | 200 — — — | 16730 — — | 200 — — — |

2. gr.

Um álagningu, gjalddaga, lögtaksrétt, viðurlög og innheimtu þessa skatts fer að lögum um tekjuskatt og eignarskatt (sbr. lög nr. 20 20. maí 1942, 14. gr. a.).

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tekjuþörf ríkissjóðs hefur aukizt frá fyrra ári, og er ríkisstjórnin neydd til að halda áfram að innheimta tekjuskattsviðauka á næsta ári.

Frumvarpið er samhljóða lögum nr. 6 1948 að öðru en því, að þau gilda fyrir árið 1949.